

# Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Mars 2014//BRÁÐABIRGÐATÖLUR

## Innbrot á landsbyggðinni.

Þegar á heildina er lítið má sjá að skráðum innbrotum hefur farið fækkandi síðustu ár. Flest innbrot eiga sér stað á höfuðborgarsvæðinu en þegar landsbyggðin er skoðuð sérstaklega, má sjá að þróun á fjölda innbrota hefur verið á sömu leið þar. Innbrotum hefur farið fækkandi síðustu ár.

Á mynd 1 má sjá fjölda innbrota á landsbyggðinni sem áttu sér stað árin 2012, 2013 og það sem af er árinu 2014.


Á mynd 1 má sjá að árin 2012 og 2013 eiga flest brot sér stað á fyrrihluta árs, eða í mars til júlí árið 2012. Flest innbrot áttu sér stað í mars og apríl árið 2013 en voru færri yfir sumarið.

Fækkun innbrota hefur ekki átt sér stað í öllum embættum lögreglunnar frá 2012 til 2013 en þar sem flest innbrot voru árið 2012 hafði þeim fækkað árið 2013 (af landsbyggðinni, Suðurnes og Selfoss), líkt og á höfuðborgarsvæðinu.

Hér má sjá atriði sem gott er að hafa í huga áður en farið er að heiman í lengri tíma:


[http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat\\_id=251](http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=251)

Fjöldi/skrán. ár	2009	2010	2011	2012	2013*
Heildarfjöldi innbrota – allt landið	3.524	2.866	1.900	1.374	1.101




\*Bráðabirgðatölur


Mynd 1. Fjöldi innbrota á landsbyggðinni, árin 2012, 2013 og það sem af er 2014.



Mynd A. Fjöldi hegningarlagabrota og auðgunarbrot síðustu 13 mánuði.



Mynd B. Fjöldi umferðarlagabrota og hraðakstursbrota síðustu 13 mánuði.



Mynd C. Fjöldi innbrota, líkamsmeiðinga og eignaspjalla síðustu 12 mánuði og yfir sama tímabil síðustu tvö ár.

## Hlutfall fíkniefnabrota eftir landsvæðum í mánuðinum

